



Fundargerð

452. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 8. október 2020. Þetta er 14. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 6 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube;

<https://www.youtube.com/watch?v=DH8A5vN5Cxs&feature=youtu.be>

Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista tekur sæti Katrínar Gunnarsdóttur D-lista vegna yfirstandandi leyfis.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskra bætist;

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

6. Greiðslur sveitarfélagsins til nefndarmanna Menningarmálanefndar.
7. Ósk um umsögn varðandi framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði.

III. Fundargerðir til kynningar

10. Verkfundur 4. fundar Þekkingarseturs um endurbætur 2020, dags. 11.09.2020
11. Verkfundur 5. fundar Þekkingarseturs um endurbætur 2020, dags. 25.09.2020
12. Verkfundur 6. fundar Þekkingarseturs um endurbætur 2020, dags. 02.10.2020
13. Fundargerð 87. fundar vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 23.09.2020
14. Fundargerð 562. fundar stjórnar SASS, dags. 02.10.2020

IV. Annað kynningarefni

2. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum dags, 6.10.2020
3. Kolefnisspor Suðurlands – Skýrsla fyrir samtök sunnlenskra sveitarfélaga, apríl 2020. Environice.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

25. september: Fundur í verkefnahóp um Sveitarfélagið Suðurland.

29. september: vinnudagur hjá verkefnahópi um Errosetur á Klaustri.

30. september fundur í starfshópi um fjármál og stjórnsýslu vegna sameiningarviðræðna

1. október: SASS og samband íslenskra sveitarfélaga fundar með sveitarstjórum og oddvitum um stöðu sveitarfélaganna á tímum covid 19.

1. og 2. október: Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna.

2. október: Fundur í verkefnahóp um Sveitarfélagið Suðurland.

2. október: Fundur í stjórn SASS.

5. október: Fundir vegna endurskoðunar aðalskipulagsvinnu sveitarfélagsins.

6. október: Fundur vegna svæðiskipulagsvinnu sveitarfélaga á Suðurlandi.



6. október fundur á vegum almannavarnardeildar lögreglustjórans á Suðurlandi fyrir bæjar- og sveitarstjóra á Suðurlandi vegna Covid 19

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð fyrir utanaðkomandi heimsóknum frá 5. október til 19. október og verður þá staðan endurmetin. Áfram verður opið fyrir síma á skrifstofutíma auk þess sem starfsmenn skrifstofunnar geta boðið uppá zoom viðtöl fyrir þá sem það kjósa.

I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 159. fundar Skipulagsnefndar dags. 05.10.2020.

2. **2010001 - Núpur – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163415**

Pórhallur Helgason kt. 270156-5849 óskar eftir að stofna lóð út úr Núpum L163415 skv. meðf. gögnum

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. **2010002 - Seljaland – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163434**

Snorri Björnsson kt. 070944-3089 óskar eftir að stofna lóð út úr Selljalandi L163434 skv. meðf. gögnum

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

EBH lýsir yfir vanhæfi yfir næsta lið viku af fundi og felur Bjarka Guðnasyni varaoddvita stjórn fundarins.

4. **2010003 - Kindargata 7 – óskað eftir að færa til bygg.reit innan lóðar, L163368**

Pétur Davíðsson kt. 190344-3209 óskar eftir að færa til byggingarreit innan lóðarinnar Kindagata 7, Efri-Vík skv. meðf. teikningu

„Skipulagsnefnd óskar eftir að lagður verði inn dsk uppdráttur sem sýni færslu byggingarreits og málið síðan grenndarkynnt hjá aðliggjandi lóðarhöfum.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

EBH mætir aftur til fundar og tekur við fundarstjórn.

5. **1701015 - Áfangastaður í Eldhrauni – breyting á dsk til auglýsingar**

Lagt er fram breytt deiliskipulag fyrir áfangastað í Eldhrauni. Óskað er heimildar til auglýsingar.

„Skipulagsnefnd vísar málinu til frekari skoðunar hjá vinnuhópi um áfangastað í Eldhrauni. Fullt samráð verði haft við UST og Vegagerðina við útfærsluna.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.



6. 2010004 - Iðjuvellir 3 og 5a – skipulagsfyrirspurn

Glass Igloo ehf. kt 600617-1230, Bergstaðastræti 73, 101 Rvk óskar eftir umsögn skipulagsnefndar á uppbyggingaráformum gisti- og ferðamannaþjónustu á vegum fyrirtækisins að Iðjuvöllum 3 og 5a.

„Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og óskar eftir að deiliskipullagstillaga verði unnin og lögð fyrir nefndina.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

JBJ yfirgefur fundinn á meðan næsta erindi er tekið fyrir.

7. 2010005 - Skaftárdalur – Umsókn um br. á Ask v br. nýtingaráforma á jörðinni Aðalbjörg Jónsdóttir fh. Skaftárdals ehf. kt. 580382-0299, sækir um br á Ask vegna áforma um breytt nýtingarform á jörðinni Skaftárdal. Markmiðið er að byggja 7-9,8 MW rennslisvirkjun og nýta þess til þess eystri ál Skaftár sem rennur um landareign Skaftárdals.

„Skipulagsnefnd vísar erindinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

JBJ kemur aftur til fundarins

8. Klausturvegur 4 – dsk gerð

Óskað er heimildar til deiliskipulagsgerðar á skólareit m.t.t til nauðsynlegra nýbyggingar möguleika skólahúsnaðisins, Erró-seturs o.fl.

„Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að þessi vinna verði sett af stað hið fyrsta.“

Sveitarstjórn felur skipulagsnefnd að leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið umhverfis Klausturveg 4.

10. 2010008 - Svæðisskipulags Suðurhálendis

Afmörkun skipulagssvæðisins. Hvert sveitarfélag fyrir sig þarf að taka ákvörðun um þessa línu.

„Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að þjóðlendulína verði látin ráða för varðandi mörk svæðisskipulagsins er snýr að Skaftárhreppi.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn



II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2004004 Heimavistarálma grunnskólans – uppbygging þekkingarseturs
Á 436. fundi sveitarstjórnar sem fram fór 31. október 2019 samþykkti sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að vinna áfram tillögu varðandi útfærslu á að Eldvilji ehf. yrði alfarið í eigu Kirkjubæjarstofu og Skaftárhrepps. Tilgangur þess var að Eldvilji yrði fasteignafélag um rekstur fasteignar sem hýsa myndi þekkingarsetur í heimavistarálmu grunnskólans. Framkvæmdir við uppbyggingu þekkingarsetursins eru þegar farnar af stað og því brynt að ljúka við að útfæra hvernig fasteignin verði sett inní Eldvilja ehf.

Eins og rakið var í minnisblaði sem lá fyrir fyrrgreindum fundi voru hugmyndir um að Skaftárhreppur myndi leggja fram heimavistarálmu grunnskólans sem hlutafé í Eldvilja. Hversu mikið hlutafé Skaftárhrepps í Eldvilja ehf verður mun ráðast af virði fasteignarinnar og hvernig lagt er mat á það. Sveitarstjóri óskar eftir heimild sveitarstjórnar að fá endurskoðendur sveitarfélagsins til að vinna tillögu að útfærslunni sem lögð yrði fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að útfæra tilfærslu heimavistarálmu grunnskólans sem hlutafé í Eldvilja ehf.

2. 1911006 Lokun talsímakerfis um koparlínu
Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsti áhyggjum sínum á því að leggja eigi niður talsímasamband um koparlínu í lok árs 2020 á fundi sínum í nóvember 2019 og sendi erindi á Póst og Fjarskiptastofnun í framhaldinu. Ekki hefur borist svar við erindinu og er það miður. Með tilliti til mögulegrar náttúruvár í sveitarfélaginu er mjög mikilvægt að tryggja öruggar fjarskiptaleiðir. Ljóst er að tryggt fjarskiptasamband í gegnum ljósleiðara eða fjarskiptasenda er ekki til staðar í öllu sveitarfélaginu. Sveitarstjórn útrekar því ósk eftir upplýsingum frá Póst og Fjarskiptastofnun og Neyðarlínunni um hvernig stofnanirnar hyggjast tryggja fjarskiptasamband á svæðinu eftir að koparlína hefur verið aflögð.
3. 2010009 Girðingar á vegum opinberra aðila. Vegagerðin, dags.28.10.2020
Sveitarstjórn fagnar því að stofnaður hefur verið starfshópur á vegum allra ráðuneyta sem hefur það markmið að safna upplýsingum frá sveitarfélögum varðandi umfang og viðhald girðinga og hvernig sveitarfélagið sjái samstarf í þessum málaflökki í framtíðinni
Sveitarstjórn felur byggingarfulltrúa í samstarfi við viðeigandi aðila að taka saman umbeðnar upplýsingar og fylgja samtalinu eftir við samstarfshópinn.
4. 2010010 Skaftárstofa samstarfssamningur til staðfestingar
JHK, BG, AH og EBH óska eftir samtali við þjóðgarðsvörð vestursvæðis um endurskoðun samstarfssamningsins.

Heiða Guðný kemur aftur til fundarins.

5. 1910013 Viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2020
Sveitarstjórn fól sveitarstjóra á 451. fundi sínum þann 24. september sl. að kanna svigrúm til stöðugildisaukningar hjá leikskólanum samkvæmt beiðni leikskólustjóra og fræðslunefndar. Ljóst er að ekki er svigrúm í núverandi áætlun til aukningar á



stöðugildum og að leikskólinn mun fara fram úr launaáætlun ársins þó ekki verði farið í aukningu á stöðugildum.

Sveitarstjóri leggur til að laun og launatengd gjöld vegna leikskóla verði hækkuð úr 48.077.026 kr í 62.378.718 kr í fjárhagsáætlun 2020. Hækkunin skýrist af auknum launakostnaði m.v. upphaflega áætlun auk viðbótarstöðugildis frá 15. október til áramóta sem leikskólastjóri hefur óskað eftir og er áætlað um 1,5 millj.kr.

*Áhrif viðauka á fjárhagsáætlun 2020:
Rekstrargjöld A-hluta hækka um 14.301.692*

Fjármagnað með því að ganga á núverandi yfirdráttarlán sveitarfélagsins hjá Arion banka.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann samhljóða.

- 6. Greiðslur sveitarfélagsins til nefndarmanna Menningarmálanefndar.
Sveitarstjórn þakkar erindið og ítrekar samþykktir sveitarfélagsins, varðandi boðun funda og fundarsköp. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sjá til þess að gengið verði frá greiðslum fyrir fundarsetu.*
- 7. Ósk um umsögn varðandi framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps vísar í bókun sína frá 443. fundi sveitarstjórnar miðvikudaginn 22. apríl 2020.*

7. 2004008 Ósk um umsögn varðandi framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði. Svæðisráð Vestursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs, dags. 6.apríl 2020.

"Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur frá upphafi átt fulltrúa í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulshjóðgarðs og ber því fullt traust til ákvarðana þess. Fram kemur ítrekað í bókunum svæðisráðs vestursvæðis gegnum árin meirihlutavilji til að hafa Vonarskarð lokað fyrir vélknúinni umferð nema á frosinni og snævi þakinni jörð og telur sveitarstjórn Skaftárhrepps engar forsendur fyrir því hvorki fyrr né nú að ganga gegn þeirri rökum studdu ákvörðun svæðisráðs. Sveitarstjórn Skaftárhrepps bendir einnig á bókun sveitarstjórnar Ásahrepps frá 19. febrúar 2020 um umferð í Vonarskarði við endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps, sem fer með skipulagsvald í Vonarskarði."

Sveitarstjórn Skaftárhrepps ber fullt traust til síns fulltrúa í svæðisráði og styður einnig ákvarðanir Ásahrepps í sínu lögbundna skipulagshlutverki.

III. Fundargerðir til kynningar

- 1. Fundargerð 8. fundar verkefnishóps um endurskoðun aðalskipulags, dags. 05.10.2020. Fundargerð kynnt.*
- 2. Fundargerð 80. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 24.09.2020. Fundargerð kynnt.*
- 3. Fundargerð 98. fundar menningarmálanefndar, dags. 29.09.2020. Fundargerð kynnt.*
- 4. Fundargerð 207. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 25.09.2020. Fundargerð kynnt.*



5. Fundargerðir fjallskilaneftar Álfaversafréttar, dags. 19.06.2020 og 24.08.2020.
Fundargerðir kynntar.
6. Fundargerð 887. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25.09.2020.
Fundargerð kynnt.
7. Fundargerð 888. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29.09.2020.
Fundargerð kynnt.
8. Fundargerð 54. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, dags. 01.07.2020. *Fundargerð kynnt.*
9. Fundargerð 55. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs, dags. 03.09.2020. *Fundargerð kynnt.*
10. Verkfundur 4. fundar Þekkingarseturs um endurbætur 2020, dags. 11.09.2020.
Fundargerð kynnt.
11. Verkfundur 5. fundar Þekkingarseturs um endurbætur 2020, dags. 25.09.2020.
Fundargerð kynnt.
12. Verkfundur 6. fundar Þekkingarseturs um endurbætur 2020, dags. 02.10.2020.
Fundargerð kynnt.
13. Fundargerð 87. fundar vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 23.09.2020.
Fundargerð kynnt.
14. Fundargerð 562. fundar stjórnar SASS, dags. 02.10.2020. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Þekkingarsetur minnisblað 22.09.2020. *Kynnt.*
2. Fundur lögreglustjóra með bæjar- og sveitarstjórum dags, 6.10.2020. *Kynnt.*
3. Kolefnisspor Suðurlands – Skýrsla fyrir samtök sunnlenskra sveitarfélaga, apríl 2020.
Environice. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 28. október nk.

Fundi slitið kl. 16:18

Eva Björk Harðardóttir

Jón Hrafn Karlsson

Bjarki Guðnason

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Arndís Harðardóttir